

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um synjun konungsstaðfestingar á lagafrumvarpi um eptirlaun. — Með þóknanlegu brjefi, dagsettu 30. septbr. 13. jan. f. á., hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað lagafrumvarp um eptirlaun, er upp hafði verið borið af þingmanna hálfu og samþykkt af síðasta alþingi. Er lagafrumvarp þetta alveg samhljóða lagafrumvörpum þeim um sama efni, sem samþykkt voru af alþingi 1893 og 1895, og hans hátign konunginum samkvæmt allraþegnsamlegustum tillögum ráðgjafans fyrir Ísland þóknadist að synja staðfestingar 10. nóvbr. 1894 og 27. nóvbr. 1896

Af sömu ástæðum, sem tilgreindar voru í nefndum allraþegnsamlegustum tillögum ráðaneytisins, sjá brjef þess 10. nóv. 1894 (Stj.tíð. 1894. B. bls. 209–210), hefir ráðaneytið orðið að álita lagafrumvarp það, sem hjer er um að ræða, ófallið til þess að öðlast lagagildi; og hefir því allraþegnsamlegast lagt það til að frumvarpinu yrði synjað allrahæstrar staðfestingar; hefir hans hátign konunginum þann 18. f. m. allramildilegast þóknast að fallast á tillögu þessa.

Þetta er yður hjermeð þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í B deild Stjórnartíðindanna ásamt áður nefndu brjefi yðar.

Brjef landshöfðingja.

Alþingi, sem saman kom síðastliðið sumar, hefur eptir löglegan undirbúning samþykkt lagafrumvarp um eptirlaun, sem borið hefur verið upp af þingmanna hálfu, og leyfi jeg mjer hjer með að senda lagafrumvarp þetta bæði eins og það kom frá þinginu og danska þýðing á frumvarpinu.

Með því að lagafrumvarp þetta er alveg samhljóða frumvörpum þeim um sama efni, sem alþingi samþykkti 1893 og 1895, og hans hátign konunginum hefir þóknast að synja allrahæstrar staðfestingar, get jeg að því er snertir frumvarp það, er hjer er um að ræða, látið mjer nægja að skírskota til brjefs míns frá 6. nóvbr. 1895.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um synjun [konungsstaðfestingar á lagafrumvarpi um skipun læknishjeraða á Íslandi m. fl. — Með þóknanlegu 13 jan. brjefi, dagsettu 20. septbr. f. á., hafið þjer herra landshöfðingi sent hingað lagafrumvarp um skipun læknahjeraða á Íslandi m. fl., er síðasta alþingi hafði samþykkt, og hafið þjer lagt það til, að leitað væri allrahæstrar staðfestingar á lagafrumvarpi þessu.

Þótt ráðaneytið verði að vera yður samdóma um það, að lagafrumvarp þetta feli í sjer allmiklar rjettarbætur, er óheppilegt er að þurfi að fresta, nefir frumvarpið samt eigi þótt til þess fallið að fá lagagildi.

Það, sem eitt hefir ráðið þessum úrslitum hjá ráðaneytinu, er ákvæði það um eptirlaun lækna, er alþingi hefir sett í 3. gr. frumvarpsins. Þótt ráðaneytið einnig verði að telja óheppilega niðurfærsluna á launum þeim, sem það hafði stungið upp á, verður það samt að vera yður samdóma um það, að við launupphæðir hins samþykktu frumvarps megi una; og eigi hefir ráðaneytið neitt

23. febrúar 1898.

8 sjerlegt að athuga við breytingar þær, er alþingi að öðru leyti hefir gjört á 13. jan. frumvarpi stjórnarinnar.

Eins og þjer, herra landshöfðingi, munuð sjá af öðru brjefi hjeðan, dagsettu í dag, hefir ráðaneytið af sömu rökum, sem áður hafa til þess legið, aptur neyðzt til þess að bera þá allraþegnsamlegustu tillögu sína upp við hans hátign konungiinn, að synjað verði staðfestingar hinu almenna eptirlaunafrumvarpi, sem alþingi hefir af nýju samþykkt óbreytt sumarið 1897, og hefir hans hátign konungingum allramildilegast þóknast að fallast á tillögu þessa. Í samræmi við þetta hefir og ráðaneytið orðið að telja alveg óaðgengileg eptirlaunaákvæði frumvarps þess, sem hjer er um að ræða, þar sem alþingi hefir með eptirlaunaákvæði þessu, — jafnframt því að samþykkja umgetið almennt eptirlaunalagafrumvarp, er hefði gjört slíkt ákvæði óþarft, ef það hefði orðið að lögum, — haft í hyggju að koma á fyrir einn einstakan flokk embættismanna þeirri hinni sömu eptirlaunareglu, er ráðaneytið verður að telja ósamngjarna og óheppilega. Hið umrædda eptirlaunaákvæði verður að teljast því óaðgengilegra, sem ekkert ákvæði er í frumvarpinu um það, að hjeraðslæknar þeir, er nú eru í embættum, skuli einnig hafa eptirlaunarjett eptir núgildandi eptirlaunalögum, þegar þau veittu betri kosti en lagafrumvarp það, sem hjer um ræðir, eins og ákveðið er um laun þeirra (3. gr. 3. málsgrein). Því hefir ráðaneytið í allraþegnsamlegustum tillögum sínum um málið lagt það til, að umgetnu frumvarpi yrði synjað allraþestrar staðfestingar, en ráðaneytið hefir jafnframt geymt sjer rjett til þess að koma fram á sínum tíma með tillögu um það, að lagt verði fyrir alþingi lagafrumvarp um sama etni samhljóða hinu umgetna frumvarpi að öðru leyti. Hefir hans hátign konunginum þann 18. f. m. allramildilegast þóknast að fallast á umgetna tillögu ráðaneytisins um synjun staðfestingar.

Þetta er yður hjermeð þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í B deild Stjórnartíðindanna ásamt framannefndu brjefi yðar.

Brjef landshöfðingja.

Alþingi, er saman kom í ár, hefir eptir löglegan undirbúning samþykkt frumvarp það um aðra skipun læknishjeraða á Íslandi m. fl., er lagt var fyrir þingið af hálfu stjórnarinnar. Um leið og jeg sendi frumvarp þetta bæði í þeim búningi, er það kom í frá þinginu og í danskri þýðingu, skal jeg lotningarfyllst leyfa mjer að taka það fram, er hjer segir.

1. gr.

Alþingi hefir gjört nokkrar breytingar á skipun þeirri á læknahjeruðunum, er stjórnin hafði stungið upp á, svo að læknahjeruðunum hefir fjölgað um 2 (42 í stað 40).

Í niðurlagi greinarinnar hefir alþingi auk þess bætt inni ákvæði um það að hjeraðslæknir í ýmsum brýnum sjúkdómstílfellum, þegar svo stendur á, sje skyldur til að vitja sjúklinga í öðru læknishjeraði.

2. gr.

Í þessa grein hefir alþingi bætt ákvæði um það, að er lækni sje skylt að búa utan verzlunarstaðar, skuli hlutaðeigandi sýslunefnd, eða sýslunefndir, skyld til að útvega honum aðsetursstað, eða ábýlisjörð, svo fljótt sem unnt er, ef hann óskar þess. Landstjórnin skal

leggja til landssjóðsjarðir fyrir lækni-setur, þar sem því verður við komið, auðvitað með því skilyrði að hlutaðeigandi læknir greiði venjuleg jarðargjöld eftir jörðina.

8
13. jan.

Við þá fimm hjeraðslækna, er bústaðir þeirra samkvæmt stjórnarfrumvarpinu skyldu ákveðnir með lögnum sjálfum, og sem skyldu, þegar komið yrði upp á þessum stöðum sjúkrahúsum, skyldir til, svo sem og hjeraðslæknirinn í Vestmannaeyjum, að takast á hendur lækni-septirlit við hús þessi, án sjerstakrar þóknunar, hefir alþingi bætt hjeraðslækninum í Barðastrandarlæknishjeraði, og skyldi hann búa á Patreksfirði.

3. gr.

Eftir uppástungu stjórnarinnar skyldi læknishjeruðunum skipt í 3 flokka eftir upphæð launanna. Í 1. flokki voru Reykjavíkur, Ísafjarðar, Akureyrar og Seyðisfjarðar læknishjeruð og skyldu launin í þeim flokki vera 2000 kr. Í 2. flokki skyldu vera Keflavíkur, Borgarfjarðar, Þingeyrar, Blönduóss, Sauðárkróks, Svarfaðardals, Reyðarfjarðar, Rangár, Grímsness og Eyrarbakka læknishjeruð, og launin í þeim flokki 1800 kr. Í 3. flokki skyldu vera öll ömur læknishjeruð, og launin í þeim flokki 1500 kr. Alþingi hefir skipt læknahjeruðunum í 4 flokka. Í 1. flokki eru launin 1900 kr., í 2. 1700 kr., í 3. 1500 kr. og í 4. 1300 kr. Eftir lagafrumvarpi því, er alþingi hefir samþykkt, eru í

1. flokki: Reykjavíkur, Ísafjarðar, Akureyrar og Seyðisfjarðar læknishjeruð;

í 2. flokki: Keflavíkur, Barðastrandar, Blönduóss og Sauðárkróks læknishjeruð;

í 4. flokki: Kjósar, Mýra, Nauteyrar, Seilu, Fáskrúðsfjarðar, Flateyjar, Vestmannaeyja, Axarfjarðar og Þistilfjarðar læknishjeruð;

í 3. flokki öll hin læknishjeruðin.

Ennfremur hefir alþingi bætt inn í nýju ákvæði á þá leið, að eptirlaun lækni skuli þannig reikna, að hann fái $\frac{1}{5}$ þeirrar launaupphæðar, sem hann hafði, er hann fjekk lausn frá embætti og auk þess 20 kr. fyrir hvert embættisár.

Í niðurlagi greinarinnar er bætt við því ákvæði, að hjeraðslæknar þeir, sem nú eru í embættum, verði endurgjaldslaust að setta sig við hverja þá breyting, sem verður á hjeruðum þeirra eftir lögum þessum.

4. gr.

Alþingi hefir gjört nokkrar óverulegar breytingar á ákvæðunum um borgun fyrir lækni-störf í þarfir hins opinbera eða einstakra manna.

5. gr.

Hið sama er um ákvæðin um borgun fyrir störf lækna í þarfir heilbrigðis- og rjettargæzlu.

6. gr.

Loks hefir alþingi breytt ákvæðunum um dagpeninga lækna, þannig að í staðinn fyrir 4 kr. um daginn, skuli lækni greiða 3 kr. fyrir hverjar 12 stundir.

Þess skal getið, að alþingi hefir breytt titli laganna, þannig að í staðinn fyrir: »aðra skipun læknahjeraðanna« er sett: »skipun læknahjeraðanna«.

Eins og sjá má af því sem að framan er sagt, eru aðalbreytingarnar á stjórnarfrumvarpinu fólgnar í ákvæðunum um laun lækna, og um eptirlaun uppgjafalækna.

Þótt ákvæði alþingis um laun lækna sjeu eigi sem ákjósanlegust, þá virðast þau eigi vera þannig vaxin, að lagafrumvarp það, sem hjer um ræðir, geti talizt óaðgengilegt, þegar litið er til hækunarinnar á borgun fyrir lækni-verk, því að lagafrumvarpið hefir einnig að því er til launanna kemur í sjer fólgnar bætur á kjörum lækna.

Aptur á móti eru ákvæðin um eptirlaun lækna varhugaverðari.

8 Til skýringar hef jeg samið eptirritað ágripsyfirlit yfir eptirlaumin eins og þau 13. jan. mundu verða eptir lagafrumvarpi því, er hjer ræðir um, í samanburði við eptirlaun hinna almennu eptirlaunalaga (lögin frá 1855).

	1 Flokkur.		2 Flokkur.		3. Flokkur.		4. Flokkur.	
	1855	1897	1855	1897	1855	1897	1855	1897
eptir 2 ára þjónustu yrðu eptirlaunin	360 kr.	400 kr.	340 kr.	390 kr.	300 kr.	340 kr.	260 kr.	300 kr.
— 4 — — — — —	360 —	440 —	340 —	420 —	300 —	380 —	260 —	340 —
— 6 — — — — —	570 —	480 —	510 —	460 —	450 —	420 —	390 —	380 —
— 9 — — — — —	760 —	540 —	680 —	520 —	600 —	480 —	520 —	440 —
— 15 — — — — —	950 —	660 —	850 —	640 —	750 —	600 —	650 —	560 —
— 19 — — — — —	950 —	740 —	850 —	720 —	750 —	680 —	650 —	640 —
— 25 — — — — —	1140 —	860 —	1020 —	840 —	900 —	800 —	780 —	760 —
— 30 — — — — —	1266 ² / ₃ —	960 —	1133 ¹ / ₃ —	940 —	1000 —	900 —	866 ² / ₃ —	860 —
— 35 — — — — —	1266 ² / ₃ —	1060 —	1133 ¹ / ₃ —	1040 —	1000 —	1000 —	866 ² / ₃ —	960 —

Í yfirlitinu eru lögin frá 1855 einkennd með »1855«, og lagafrumvarpið með »1897«. Hjer er að eins tekið tillit til fastra embættistekna en eigi aukatekna. Þótt hinn umræddi útreikningur á eptirlaununum mundi gjöra það að verkum, að eptirlaun lækna yrðu yfirleitt lægri en eptir lögunum frá 1855, get jeg þó eigi álitnið að lækkuin sje svo mikil, að lagafrumvarpið fyrir því geti talizt óaðgengilegt.

En það gæti aptur á móti verið varhugavert að koma inn í löggjöfina þessum nýju ákvæðum um eptirlaun, því að umgetið ákvæði í lagafrumvarpi þessu verður að skoðast sem einn liður í tilraunum alþingis til þess að lækka, að minnsta kosti að nokkru leyti, framvegis öll eptirlaun, sbr. brjef ráðaneytisins frá 8. nóvbr. 1883, 10. nóvbr. 1894 og 31. desbr. f. á., einkum þar sem alþingið í ár hefir samþykkt lagafrumvarp um eptirlaun alveg samhljóða lagafrumvörpum um sama efni frá 1893, 1895. Það er við því búið, að staðfesting hins umrædda ákvæðis um eptirlaun lækna mundi síðarmeir verða notuð sem ástæða til að fá löggilt samskonar ákvæði fyrir aðra embættismenn. En með því að lækkuin mundi venjulega snerta að eins þá embættismenn, er hærri launin hafa, eins og tekið er fram í brjefi ráðaneytisins frá 10. nóvbr. 1894, mundi slík ástæða þó ekki hafa við mikil rök að styðjast.

Með þessum athugasemdum skal jeg lotningarfyllst leyfa mjer að leggja mín beztu meðmæli með því, að leitað verði allrahæstrar staðfestingar á lagafrumvarpi því, er hjer um ræðir, með því að það bæði gjörir eptir atvikum viðunanlega skipun á læknaþjónunum og hefir í sjer fólgnar miklar bætur á kjörum læknaþjettarinnar, enda hefi jeg enga von um að nokkuð ynnist með því að leggja málið aptur fyrir alþingi.

9

Reikningur

yfir tekjur og gjöld styrktarsjóðs þeirra, sem bíða tjón af jarðeldum, árið 1897.

Tekjur:

1. Sjóður við ársbyrjun (Stj.tíð. 1897, B. 3. bls.):

a. innritunarskirteini Ltra A. fol. 102.	kr. 30100,00
b. lán gegn fasteignarveði	— 4780,00
c. óborgaðir vextir	— 40,00
d. í landsbankanum með sparissjóðskjörum	— 496,71
	kr. 35416,71
	Flyt: kr. 35416,71